

# LÖGMANNABLAÐIÐ


ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS 4. TBL. 21. ÁRG. 2015



JÓLAHUGVEKJA  
JÓHÖNNU VIGDÍ SAR  
ARNARDÓTTUR



LEIÐIN LANGA AÐ HRL.



## Af vettvangi félagsins

Þyrí Steingrímisdóttir:

Leiðari 4

Námskeið til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður 6

Reimar Pétursson

Pistill formanns 26

## Umfjöllun

Eyrún Ingadóttir og Þyrí Steingrímisdóttir:  
Leiðin langa að hrl. 12

Anna Lilja Hallgrímisdóttir:  
Af hádegisverðarfundum LMFÍ og DÍ: Markvissari  
málsmeðferð - málf lutningur, skjalagerð  
og gagnaframlagning 16

Eva Halldórsdóttir:  
Hagmunagæsla lögmanna og hlutlæg álit 19

Kristrún Elsa Harðardóttir:  
Með storminn í fangið 24

Laganefnd LMFÍ:  
Umsögn um frumvarp til laga um fullnustu refsinga 34

## Aðsent efni

Hróbjartur Jónatansson:  
„Staðfest með vísan til forsendna“ 29

Stefán Már Stefánsson:  
Hugmyndir um millidómstig 33

## Á léttum nótum

Jólahádegisverður 8

Jólahugvekja Jóhönnu Vigdísar Arnardóttur:  
Að leika lögfræðing og vera „multipotentialite“ 10

Af Merði lögmanni 22

Lögmannafélag Íslands  
Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057  
Netfang: [lmfi@lmfi.is](mailto:lmfi@lmfi.is)  
Heimasíða: [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR:  
Þyrí Steingrímisdóttir hrl.

RITNEFND:  
Eva Halldórsdóttir hdl.  
Guðríður Lára Þrastardóttir hdl.  
Haukur Örn Birgisson hrl.  
Ingvi Snær Einarsson hdl.

BLAÐAMAÐUR:  
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:  
Reimar Pétursson hrl., formaður.  
Óttar Pálsson hrl., varaformaður.  
Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl., ritari.  
Berglind Svavarsdóttir hrl., gjaldkeri.  
Árni Þór Þorbjörnsson hdl.,  
meðstjórnandi.

STARFSMENN LMFÍ:  
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.  
Anna Lilja Hallgrímisdóttir lögfræðingur.  
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.  
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari.  
Dóra Berglind Torfadóttir, ritari.

FORSÍÐUMYND:  
Frá jólahádegisverði LMFÍ, LÍ og DÍ.  
Eyrún Ingadóttir tók myndina.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn  
kr. 2000,- + vsk.  
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRA:  
[thyri@acta.is](mailto:thyri@acta.is)

PRENTVINNSLA:  
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:  
Öflun ehf.  
Sími 533 4440  
ISSN 1670-2689

BEOLIT 15 | A2



BEOLIT 15: kr. 85.000  
A2: kr. 62.000

H7



kr. 72.000

H6



kr. 66.000

A9



kr. 365.000

H8



kr. 82.000

# JÓLAGJÖFIN Í ÁR


Tær og einstakur hljómur með BANG OG OLUFSEN.

**ORMSSON**

Lágmúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 530 2800

**B&O**  
**PLAY**





## Ping pong

SÚ SEM ÞETTA ritar sat hinn áhuga- verða hádegisverðarfund LMFÍ og DÍ í byrjun nóvember þar sem fjallað var um markvissari málsmeðferð.

Það var áhugavert að hlýða á erindi Skúla Magnússonar héraðsdómara sem sagði að stefnur og greinargerðir væru allt of langar og illa fram settar. Þá lýsti hann því sem hann kallaði „ping pong réttarfari“ sem tíðkist af hálfu lögmanna eftir að máli er úthlutað til dómara. Jafnframt lýsti hann því að þegar gagnaframlagningu væri loks lokið og ákveða ætti aðalmeðferð væri það jafnan svo að ekki væri hægt að ákveða fyrirkomulag aðalmeðferðar eða hvaða skýrslutökur færu fram fyrir en á síðustu stundu og þá jafnan með tölvupósti. Taldi dómari að þetta færi gegn skýrum ákvæðum einkamálalaga um málsmeðferð fyrir dómi og reifaði nokkur dæmi auk þess að lýsa þeirri skoðun sinni að allt framangreint stæði málshraðanum í héraðsdómi fyrir þrifum. Framsöguerindinu er að öðru leyti gerð ítarleg skil í umfjöllun á bls. 16 og 17 í blaðinu.

Ekki er hægt að skilja orð Skúla með öðrum hætti en að hann sé með þessu að segja að við lögmenn séum

almennt illa undirbúnir í fyrirtökum. Við vitum ekkert hvaða gögn séu í málinu eða hvaða gögnum von sé á þegar við þó yfir höfuð mætum í fyrirtökur í stað þess að senda fulltrúana okkar sem vita ennþá minna. Þá séum við ekki búnir að leggja nægjanlega góðan grundvöll að málum okkar í upphafi né heldur vitum hvernig við sjáum fyrir okkur lok þess, þegar aðalmeðferð fari fram. Harðari gagnrýni á störf lögmansins er varla hægt að fá og þegar hún kemur frá dómara er rétt að sperra eyrun. Lögmenn hljóta að velja því fyrir sér hvort þarna sé stéttinni rétt lýst en á máli Skúla mátti skilja að þetta ætti við um meirihluta lögmanna, en ekki örfáa svarta sauði.

Auðvitað verðum við að geta tekið gagnrýni til okkar og gera betur sem einstaklingar með því að bæta vinnubrögð okkar. Einnig þurfum við að gera betur sem heild, t.d. með ríkari kröfum um þjálfun og starfsreynslu áður en hægt er að öðlast málflutningsréttindi eða með auknum kröfum um endurmenntun í starfi. Það vakti þó athygli þegar Skúli lýsti framgangi mála í fyrirtökum og hinu

svokallaða „ping pong réttarfari“ sem lögmenn viðhöfðu og taldi í andstöðu við ákvæði einkamálalaga, þá gleymdi hann að geta upphafsmálsliðar 1. mgr. 7. gr. einkamálalaga sem segir orðrétt; Dómari stýrir þinghaldi og gætir þess að það sé háð eftir réttum reglum.

Má þannig e.t.v. vísa heim í hérað eitthvað af gagnrýninni? Dómarar, rétt eins og lögmenn, hljóta jafnframt að geta gert betur og tekið stjórn á þinghöldunum, eins og þeim ber. Þá hljóta dómarar að þurfa kynna sér málið áður en það er tekið fyrir, eða í það minnsta áður en aðalmeðferð kemur, og beita sér í málsmeðferðinni. Ófáir lögmenn hafa lent í því að flytja mál fyrir dómara sem virðist eingöngu afplána málflutninginn formsins vegna. Engar spurningar, engar vangaveltur um málflutningsatriði, engu nýju velt upp sem dómara geti fundist skipta máli en ekki komi fram í máli lögmanna eða gögnum málsins. Um leið og við getum vel gert ríkari kröfur til okkar sjálfra um vönduð vinnubrögð þá gerum við líka sambærilegar kröfur til dómara.



## Varðveisla persónuupplýsinga >

EUROBAROMETER rannsókn 2015 um varðveislu persónuupplýsinga (e. Data Protection), sem gerð var fyrir Evrópusambandið, leiddi í ljós að:

- 15% Evrópubúa telja sig hafa fulla stjórn á upplýsingum sem þeir setja frá sér yfir netið, 31% finnst þeir enga stjórn hafa á upplýsingunum.
- 55% stendur ekki á sama um að fylgst sé með þeim í gegnum notkun greiðslukorta og farsíma.
- Nánast allir Evrópubúar segjast vilja fá að vita ef upplýsingar um þá tapast eða er stolið.
- 18% lesa yfirlýsingar þjónustuveitenda um persónuvernd.

*Ágrip úr skýrslu TNS Opinion & Social network, sem unnin var fyrir Evrópusambandið 2015*



Við vinnum eftir  
vottuðu gæðakerfi

Bæjarflöt 4  
112 Reykjavík

Sími: 568 9095  
[www.gagnaeyding.is](http://www.gagnaeyding.is)

**GAGNAEYÐING**

Örugg eyðing gagna



# Námskeið til öflunar réttinda til að vera héraðsdóms- lögmaður



ÞANN 4. DESEMBER s.l. fór fram útskrift af námskeiði til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður, en um var að ræða seinna námskeiðið af tveimur sem haldið var á árinu 2015. Alls útskrifuðust 35 lögfræðingar - 18 karlar og 17 konur.

Að þessu sinni þreyttu 46 lögfræðingar próf á fyrri hluta nám-

skeiðsins í fyrsta sinn og luku 18 þeirra prófrauninni með fullnægjandi árangri eða 39%. Hins vegar þurfa 28 þátttakendur eða 61% að reyna á nýjan leik. Þá náðu 13 þátttakendur (57 %) af þeim 30, sem skráðir voru í endurtektarpróf vegna falls á fyrri námskeiðum, fullnægjandi árangri.



**Litlaoprent**

Stór verk - lítið mál

# Getur þú valið þinn lífeyrissjóð?

**Íslenski lífeyrissjóðurinn** býður sjóðfélögum að greiða hluta lögbundins lífeyrissparnaðar í séreignarsjóð.

Þannig getur þú valið ávöxtunarleið sem hentar þér auk þess sem séreignarhlutinn erfist að fullu.

## Kostir Íslenska lífeyrissjóðsins

- » Allt að 2/3 af lögbundnu iðgjaldi fer í séreign.
- » Séreignarhlutinn gefur þér kost á að flýta starfslokum (séreign er laus við 60 ára aldur).
- » Traustur ævilangur ellilífeyrir.
- » Réttur til örorku-, maka- og barnalífeyris.

## Veldu ávöxtunarleið

- » Í boði eru fjórar ólíkar ávöxtunarleiðir fyrir séreignarsparnað.
- » Þú velur ávöxtunarleið sem hentar þínum aldri og markmiðum.
- » Eignasamsetning hvernar ávöxtunarleiðar endurspeglar ólík áhættuviðmið.

## Fáðu ráðgjöf um þín lífeyrismál

Hægt er að panta tíma hjá Lífeyrisráðgjöf Landsbankans í síma 410 4040 eða koma við í næsta útibúi.



Yfirlit um inneign lífeyrisparnaðar er ávallt aðgengilegt í netbanka.





# Jólahádegisverður

SEGJA MÁ AÐ lögfræðingar landsins hafi setið að kjötkötunum í jólahlaðborði Lögmannafélags Íslands, Lögfræðingafélags Íslands og Dómarafélags Íslands á Nordica í hádeginu föstudaginn 4. desember. Eins og fyrri ár heppnaðist viðburðurinn með miklum ágætum enda hangikjöt á boðstólum ásamt uppstúfi og laufabrauði. Ari Eldjárn sá svo um maltið og appelsínið.







1975 | Bilabúð Benna | 2015

**\*Ríkulegur staðalbúnaður:** 7 girar PDK sjálfskipting með skiptingu í stýri, leður og Alcantara innrétting, rafdrifid öikumannssæti, hiti í framsætum, 18" álfelgur, Led dagljósabúnaður, tvöföld sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, fullkomið hljómkerni, sport aðgerðarstýri, rafdrifinn afturhleri, skriðstillir (Cruise Control) o.m.fl. Sjá nánar á benni.is

## Við hættum ekki að leika okkur af því að við verðum gömul. Við verðum gömul af því að við hættum að leika okkur.

Bílaframleiðandinn Porsche er þekktur fyrir marga af óviðjafnanlegustu sportbílum heimsins. Nú hefur meistara sportbíllanna tekist að sameina bestu eiginleika Porsche í nýjum bíl - **þetta er sportjeppinn Macan.**

### Porsche Macan S Diesel

Verð: 11.790 þús. kr.\*

Porsche Macan S Diesel  
258 hestöfl • 580Nm tog  
Hröðun: 6.3 sek. 0-100 km/klst.  
Eyðsla: 6.3 l/100



PORSCHE



## Jólahugvekja Jóhönnu Vigdísar Arnardóttur

# Að leika lögfræðing og vera „multipotentialite“

„MAMMA, Á ÉG ekki bara að skella mér í lögfræðina í haust?“ spurði ég móður mína sumarið 1988 þegar ég var nýútskrifuð úr Menntaskólanum í Reykjavík.

„Nei veistu það, Hansa mín, ég held að það henti þér ekkert sérlega vel,“ svaraði mamma um hæl.

Ha, hvað átti ég þá að verða? Ég hef áhuga á bókstaflega öllu og engu, en ég verð bara svo fljótt leið á að halda mig við sama hlutinn og verð að fá eitthvað nýtt til að fást við. Þess vegna hef ég komið tiltölulega víða við á mínum námsferli. Ég hef lært á píanó, söng, frönsku og leiklist og þar sem það vill svo til að ég er alin upp við það að maður klárar það sem maður tekur sér fyrir hendur, þá hef ég lokið prófi í þessum greinum. Allt nám er auðvitað af

hinu góða og ég þori að fullyrða að þetta skilar sér allt á endanum. Það sem tvítugi nýstúdentinn vissi hins vegar ekki á sínum tíma, er að það er til orð yfir svona fólk eins og mig: Multipotentialite. Starfsþjálfinn hún Emilie Wapnick notar heilan Ted-fyrirlestur í að útskýra það, en hún er einmitt líka svona multipotentialite. Hér með lýsi ég eftir íslenskri þýðingu á orðinu en það þýðir í rauninni sá eða sú sem býr yfir mörgum möguleikum.

### Hið hættulega líf utan boxins

Hér áður fyrr þurfum við að velja. Við þurftum að ákveða þegar við vorum ung hvað við vildum starfa við það sem eftir væri ævinnar. Eftir 40 ára starfsævi eða svo fékk maður gullúrið fyrir vel unnin störf og

settist svo í helgan stein og las. Þetta hugarfar hræðir mig svolítið af því að það takmarkar okkur. Í stað þess að framkvæma fullt af hlutum, höldum við okkur bara við eitthvað eitt og í stað þess að opna huga og hjarta fyrir umhverfinu, höldum við okkur inni í hinu margfræga „boxi“. Við vöknum síðan upp seint og um síðir, (oftast þegar við nálgumst miðjan aldur), og áttum okkur á því að ef við ætlum ekki að tapa lífsviljanum, verðum við að fara að hugsa „út fyrir boxið“. Lífið á ekkert endilega að vera þægilegt og huggulegt og fyrirsjáanlegt. Stundum er það hættulegt og hjartað slær hraðar og okkur líður eins og ástföngnum unglingi bara við það eitt að prófa að gera eitthvað sem við kunnum ekki og ráðum ekki við. Kannski verðum við asnaleg og kannski mistekst okkur



## SKJAL alhliða þýðingapjónusta

Almennar þýðingar

Auglýsinga- og kynningarefni

Tæknitextaskrif

Tæknilegar þýðingar

Löggiltar skjalaþýðingar og viðskiptagögn

Málfarsráðgjöf

Fáðu tilboð á [skjal@skjal.is](mailto:skjal@skjal.is)

hrikalega. En... kannski ekki. Kannski komum við okkur á óvart og verðum ofurlítið stolt af okkur og gerum okkur grein fyrir því að við búum eiginlega yfir óendanlega miklum möguleikum. Það eina sem takmarkar okkur er ímyndunaraflíð.

### Ekki „bara lögfræðingar“

Ég leiði alltaf hugann að þessu um þetta leyti árs og reyni að átta mig á því sem stendur upp úr frá árinu sem er að líða. Jafnframt er ég afskaplega spennt fyrir því sem koma skal, kannski af því að mér finnst ég aldrei vera búin að ákveða hvað ég ætla að verða þegar ég er orðin stór. Eða, þarf ég nokkuð að velja? Ætla ég að verða hagfræðingur eða rithöfundur? Ég á bróður sem er hvorutveggja. Ætla ég að verða lögfræðingur eða söngkona?

Ég á systur sem er hvorutveggja og ekki nóg með það, nú er hún að fara að leika í sinni fyrstu bíómynd. Hún leyfir sér að prófa eitthvað nýtt og það á alveg örugglega eftir að skila sér í bæði betri og hamingjusamari lögfræðingi. Við fáum engin verðlaun ef við erum alltaf stillt og prúð. Ég hef verið umvafinn lögfræðingum alla mína ævi, fjölskyldumeðlimir hafa gjarnan valið sér það fag, en það býr samt eitthvað miklu meira í þeim öllum, þeir eru ekki „bara lögfræðingar“. Þeir eru allt sem þeim dettur í hug alveg eins og mig langar að verða þegar ég er orðin stór.

Ég rifjaði upp þessar ráðleggingar hennar mömmu frá sumrinu '88, þegar ég fór í stutt krossapróf í lögfræði við MBA deildina í Háskólanum í Reykjavík um daginn. Þegar þessi orð

eru skrifuð hef ég ekki enn fengið einkunn fyrir prófið, en eitthvað segir mér að hún mamma hafi nú haft eitthvað til síns máls. Ég verð kannski aldrei lögfræðingur, en ég leik hann bara í staðinn.

Jóhanna Vigdís Arnardóttir leikkona er dóttir Guðrúnar Erlendsdóttur fv. hæstaréttardómara og Arnar Clausen hrl. og systir Guðrúnar Sesselju Arnardóttur hrl.



### Mörkin lögmannsstofa hf.

Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík

Gestur Jónsson hrl.  
Ragnar Halldór Hall hrl.  
Gunnar Jónsson hrl.  
Hörður Felix Harðarson hrl.  
Einar Þór Sverrisson hrl.  
Gísli Guðni Hall hrl.  
Geir Gestsson hrl.

Fulltrúar:  
Almar Þór Möller hdl.  
Árni Gestsson hdl.  
Hildur Leifsdóttir hdl.  
Hilmar Gunnarsson hdl.  
Védís Eva Guðmundsdóttir lögfr.

Sími 414 4100 · Fax 414 4101

[www.law.is](http://www.law.is)



### ADVEL

lögmennt

Suðurlandsbraut 18  
108 Reykjavík  
Íceland

(+354)520 2050  
advel@advel.is  
advel.is

#### ADVEL LÖGMENN ERU

Anton Björn Markússon hrl.  
Davíð Örn Sveinbjörnsson LL.M. | hdl.  
Fannei Finnsdóttir lögfræðingur  
Guðmundur Siemsen hdl.  
Gunnlaugur Úlfsson hdl.  
Hrafnhildur Kristinsdóttir LL.M. | hdl.  
Jóhanna Katrín Magnúsdóttir LL.M. | hdl.  
Jón Ögmundsson JD | hrl.  
Kristinn Hallgrímsson hrl.  
Linda Fannei Valgeirsdóttir hdl.  
Margeir Valur Sigurðsson hdl.  
Ragnheiður Þorkelsdóttir hdl.  
Sigrún Helga Jóhannsdóttir hdl.  
Sigurður Valgeir Guðjónsson hdl.  
Snorri Stefánsson hdl.  
Stefán Þór Ingimarsson LL.M. | hdl.  
Telma Halldórsdóttir MA | hdl.  
Valgerður B. Eggertsdóttir LL.M. | hdl.  
Þórdís Bjarnadóttir hdl.



# Leiðin langa að hrl.

## Fjöldi prófmanna og prófmála eftir árum

- 2015: Alls 7 luku prófraun fyrir Hæstarétti en það stefnir í að 23 prófmenn flytji 30 mál.  
2014: Alls 4 luku prófraun fyrir Hæstarétti en 17 prófmenn fluttu alls 28 prófmál.  
2013: Alls 20 luku prófraun fyrir Hæstarétti en 31 prófmaður flutti 52 prófmál.  
2012: Alls 14 luku prófraun fyrir Hæstarétti en 34 prófmenn fluttu alls 59 prófmál.  
2011: Alls 12 luku prófraun fyrir Hæstarétti en 34 prófmenn fluttu alls 60 prófmál.

Í ÁR STEFNIR í að sjö lögmenn ljúki prófraun fyrir Hæstarétti en á síðasta ári voru þeir einungis fjórir. Að meðaltali hafa 11 lokið prófraun fyrir Hæstarétti á ári hverju síðustu fimm ár svo fjöldi síðastliðinna tveggja ára er talsvert undir því. Til samanburðar náðu 20 lögmenn því að verða hæstaréttarlögmenn árið 2013 og 14 luku prófrauninni árið 2012. Á sama tíma og lögmönnum fjölgar ár frá ári fækkar þeim sem taka hæstaréttarlögmannsréttindi. Lögmannaþlaðið skoðaði ástæðurnar og velti fyrir sér hvaða ávinningur væri af því að verða hæstaréttarlögmaður.

## Tæpur þriðjungur hæstaréttarlögmenn

Alls 307 af 1089 lögmönnum eru hæstaréttarlögmenn, eða 28% félagsmanna LMFÍ. Samkvæmt reglum þurfa héraðsdómslögmenn sem vilja verða hæstaréttarlögmenn að hafa haft héraðsdómslögmannsréttindi í fimm ár og flutt 30 mál munnlega fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli. Þar af þurfa að minnsta kosti tíu málanna að vera einkamál sem fullnægja skilyrðum um áfrýjun til Hæstaréttar eða hafa fengið leyfi Hæstaréttar til áfrýjunar. Þegar lögmenn hafa rutt þessum hindrunum úr vegi þurfa þeir að flytja fjögur prófmál fyrir Hæstarétti fyrir fimm eða sjö dómurum og þurfa

að minnsta kosti tvö prófmálanna að vera einkamál.

Samkvæmt upplýsingum frá Sýslumannsembættinu á Norðurlandi eystra eru 55 lögmenn nú með leyfi til að taka prófmál fyrir Hæstarétti og er elsta vottorðið frá árinu 1990. Leyfin renna ekki út en nokkuð virðist um að þau dagi uppi hjá lögmönnum sjálfum þannig að þeir taki ekki öll fjögur prófmálin þrátt fyrir að uppfylla skilyrðin. Einn þeirra er Ásgeir Á. Ragnarsson hdl. en hann hefur haft leyfi til að taka prófmál frá árinu 2004: „Ég var kominn með fyrsta prófmálið en vegna anna á lögmennsstofunni hætti ég við að flytja það. Það var ekki réttlætjanlegt á þessum tíma að sinna hverju prófmáli í tvær til þrjár

vikur,“ sagði hann. Ásgeir er með lögmennsréttindi í New York og segir engu skipta í samskiptum við erlenda skjólstæðinga þótt hann sé ekki með hæstaréttarlögmannsréttindi hér á landi enda fari fá mál frá þeim í málflutning: „Það væri auðveldara fyrir mig að fá leyfi til að flytja mál fyrir Hæstarétti Bandaríkjanna en að taka prófmál fyrir Hæstarétti Íslands,“ sagði hann og taldi fyrirkomulagið á Íslandi vera orðið úrelt.

Alls hafa 18 einstaklingar flutt eitt eða fleiri prófmál fyrir Hæstarétti og tveir til viðbótar eru að flytja sín fyrstu mál nú í desember. Þannig virðast einungis um 20 lögmenn af þeim 55 sem uppfylla skilyrðin hafa verið „virkir“ í prófraunum að undanfögnu.

## Erfiðara að fá prófmál

Árið 2014 luku einungis fjórir lögmennt prófraun til að vera hæstaréttarlögmenn en þá fluttu tæplega helmingi færri héraðsdómslögmenn prófmál fyrir Hæstarétti en árin á undan, eða einungis 17 lögmenn sem fluttu 28 prófmál. Árin á undan luku 12-20 lögmenn prófrauninni en þá fluttu á bilinu 31-34 lögmenn 52-60 prófmál. Í ár luku sjö prófrauninni en það stefnir í að 23 lögmenn flytji alls 30 mál.

Lögmenn segja mun erfiðara að fá prófmál nú en áður og að setið sé um hvert einasta fimm manna mál sem er á dagskrá Hæstaréttar. Ástæðan er meðal annars sú að forsjármál og forsjársviptingarmál, sem voru áður í fimm manna dómi, eru

nú í þriggja manna dómi og því ekki lengur gjaldgeng sem prófmál. Próftakar þurfa að flytja að lágmarki tvö einkamál en þau sem eru fyrir Hæstarétti eru færri, stærri og umfangsmeiri en áður og því erfiðara að fá samþykki hjá skjólstæðingum hæstaréttarlögmanna fyrir því að málin verði flutt af prófmanni. Lögmaður sem flytur stundum mál fyrir Hæstarétti sagði lögmenn vera oft óþægilega ýtna og vakta dagskrá Hæstaréttar svo stíft að þeir viti jafnvel á undan lögmönnum sjálfum að mál séu fyrir fimm manna dómi.

## Mismikill fjöldi mála

Fjöldi einkamála fyrir fimm eða sjö manna dómi sveiflast talsvert á milli ára en Þorsteinn A. Jónsson, skrifstofustjóri Hæstaréttar, segir það

eðlilegt. „Árið 2013 voru 39 einkamál flutt fyrir fimm eða sjö manna dómi en á þessu ári verði þau 22 talsins. Í janúar 2016 stefnir síðan í að mál í fimm manna dómi verði ellefu,“ sagði hann. Einn þeirra sem var með prófmál fyrir Hæstarétti í nóvember síðastliðinn hafði leitað að máli frá því í janúar: „Það er mín tilfinning að einkamálin séu mun færri en áður og svo eru miklu fleiri lögmenn að leita að prófmálum,“ sagði hann og upplýsti jafnframt að í einu tilviki hafi hann verið sjöundi lögmaðurinn sem hafði samband við hæstaréttarlögmenn sem var með mál fyrir fimm manna dómi.

## Ávinningur hverra?

Þótt það sé í höndum skjólstæðinga lögmanna að ákveða hvort mál þeirra verði prófmál fyrir Hæstarétti eru



*Óskum landsmönnum  
gleðilegrar hátíðar*

*Starfsfólk Atlantik Legal Services*

*Lína* slf.

## Almennar skjalapýðingar

enska – franska – spænska

Hjördís I. Kvaran, skjalapýðandi

Lína slf. | Freyjugötu 9 | 101 Reykjavík | s. 561-4161

[lina@centrum.is](mailto:lina@centrum.is)





Pótt stutt sé á milli Héraðsdóms Reykjavíkur og Hæstaréttar er leiðin fyrir héraðsdómslögmennt að verða hæstaréttarlögmennt bæði löng og ströng.

Samkvæmt upplýsingum frá lögmönnum sem lokið hafa við „hrl.-inn“ tekur undirbúningur hvers prófmáls á bilinu 80-100 klukkustundir. Ef útseldur tími lögmans er kr. 20.000,- má ætla að kostnaður við öll prófmálin fjögur sé á bilinu sex til átta milljónir. Próftakar fá ekki greitt fyrir að flytja prófmál heldur sá lögmaður sem skráður er fyrir málinu í Hæstarétti, enda hefur hann áður lagt línurnar í því og skilað greinargerð til Hæstaréttar. En hver er ávinningurinn af því fyrir héraðsdómslögmennt að fá hæstaréttarlögmannsréttindi? Lögmenn nefndu ýmsar ástæður, m.a. kosti þess að geta fylgt málum alla leið, réttindin séu ákveðin gæðavottun á störf þeirra og að lögmansstofur séu með hærri taxa fyrir hæstaréttarlögmennt við kaup á sérfræðiþjónustu. Þá lætur héraðsdómur stærstu þrotabúin í hendur reynslumikilla lögmanna sem oftast séu með hrl. réttindi.

Guðbjarni Eggertsson varð hæstaréttarlögmaður árið 2013 og segir ávinninginn fyrst og fremst vera persónulegan. Það skipti máli fyrir lögmenn að geta fylgt málum eftir alla leið og sjálfur segist hann finna fyrir breyttu viðhorfi hjá öðrum lögmönnum og skjólstæðingum, sérstaklega erlendum aðilum.

Einn þeirra lögmanna sem hyggur fljótlega á strandhögg í prófmálum til Hæstaréttar sagðist ekki velja fyrir sér hvort hann ætlaði að verða hrl. heldur hvenær: „Ef þú gefur þig út fyrir að vinna við þetta þá nennirðu ekki að hanga í B-deildinni alla starfsævina,“

sagði hann og sennilega geta margir tekið undir það.

## Erfið prófraun

Prófmál fyrir Hæstarétti er erfið prófraun enda hefur það gerst að lögmennt hafi ekki fengið mál sem þeir hafa flutt sem prófmál staðfest vegna ófullnægjandi frammistöðu að mati hæstaréttardómara. Það þykir raunar einkar streituvaldandi að eiga von á umsögn frá dómurum Hæstaréttar í kjölfar málflutnings prófmáls enda eiga lögmenn því vart að venjast að fá slíka „endurgjöf“ frá dómurum sem þeir flytja mál fyrir. Prófraunin er þó að margra mati lærdómsrík og góð reynsla sem lögmenn leggja alla jafna mikinn metnað í að undirbúna.

## Í lokin

Eflaust má deila um ágæti fyrirkomulags prófraunar fyrir Hæstarétti en vænta má breytinga þegar millidómsstigið verður að veruleika. Nú er að störfum nefnd innan LMFÍ sem er ætlað að koma með tillögur að breytingum á lögmannalögum en hvort erfiðara verður að öðlast hrl. réttindi þegar millidómsstigið kemst á getur framtíðin ein skorið úr um.

*Eyrún Ingadóttir og Pýri Steingrímisdóttir*

sum mál þannig vaxin að lögmanni finnst að ef það tapist verði það að hafa gerst á hans vakt. Einn þeirra hæstaréttarlögmannta sem oft fær beiðni um prófmál fyrir Hæstarétti sagðist stundum svara því þannig til: „Því miður, þetta er mál sem ég þarf sjálfur að tapa“.

Í fljótu bragði virðist enginn ávinningur vera af því fyrir skjólstæðinga að leyfa það að þeirra mál verði prófmál fyrir Hæstarétti. Þó má segja að þeir geti reiknað með því að próftaki leggi nótt við dag við undirbúninginn og liggi yfir fyrri dómum og fræðibókum en flestir lögmenn leggja gríðarmikla vinnu í undirbúning málflutningsins þegar þeir þreyta prófraunina.





**KVĪKA**

[kvika.is](http://kvika.is)

## Af hádegisverðarfundum LMFÍ og DÍ



# Markvissari málsmeðferð málflutningur, skjalagerð og gagnaframlagning

TILEFNI HÁDEGISVERÐARFUNDAR sem Lögmannafélag Íslands og Dómaraafélag Íslands stóðu fyrir þann 12. nóvember sl. er sú staðreynd að umfang mála sem rekin eru fyrir íslenskum dómstólum fer sífellt vaxandi og málsferðartími hefur lengst. Samhliða þessari þróun hafa ákærur, stefnur og greinargerðir aukist að umfangi, sem og magn framlagðra málgagna. Þessi þróun vekur upp ýmsar spurningar um hvort málsmeðferð sé í öllu tilliti nægilega markviss og að hvaða marki megi gera betur innan marka gildandi reglna, án þess þó að réttaröryggi sé raskað. Ólafur Eiríksson hrl. og Skúli Magnússon héraðsdómari héldu erindi á fundinum en fundarstjóri var Jóna Björk Helgadóttir hrl.

### Frá sjónarhóli dómara

Skúli Magnússon sagði hið dæmigerða dómsmál hafa stækkað og vaxið að umfangi, stefnur og greinargerðir hefðu lengst og fleiri skjöl væru í hverju máli. Á undanförunum árum hefði verið þrýst á lögmenn að stytta munnlegan málflutning sem hefði orðið til lengri skriflegs málflutnings. Skúli sagði slíkt verklag breyta eðli hinnar munnlegu málsmeðferðar sem yrði þannig fremur reifun á því sem áður hefur komið fram í skriflegum skjölum. Of langur skriflegur málflutningur gæti hins vegar leitt til þess að málatilbúnaður yrði óskýr. Í því samhengi fjallaði hann um 1. mgr. 103. gr. eml. þar sem dómara er veitt heimild til þess að óska eftir því að aðilar leggi fram skriflega kröfugerð og talningu málsástæðna

við aðalmeðferð. Upptalningin yrði þá hugsanlega lögð fram við aðalmeðferð og þannig fengist afmörkun á grundvelli málsins. Þetta eru hugsanlega þau viðbrögð frá dómurum sem lögmenn geta átt von á í ríkara mæli ef þróunin heldur áfram í sömu átt. Þá fjallaði Skúli um nýja heimild dómstólaráðs til að setja reglur um frágang dómsskjala, þar á meðal um lengd stefnu og greinargerðar. Spurningin væri þá sú hvort dómstólaráð myndi nýta sér heimildina og þá hvernig.

Skúli sagði lögmenn oft hafa ólíkar hugmyndir um hvað taki við þegar stefndi hefur lagt fram sína greinargerð og málskjöl, málinu hefur verið úthlutað til dómara og við taki svonefnd millipinghöld. Sumir virðist ganga út frá því að málið sé komið



aftur á byrjunarreit og aðilar eigi lítt takmarkaðan rétt til að halda áfram gagnaöflun. Þetta geti endað í „ping pong réttarfari“ með endalausum óskum um fresti og gagnaframlagningu á báða bóga. Um þetta sé hins vegar fjallað með skýrum hætti í 1. mgr. 102. gr. eml. Þar sem segi að þegar stefndi hefur lagt fram greinargerð sína þá sé málið að jafnaði tekið fyrir einu sinni til þess að leita sátta og koma að sýnilegum sönnunargögnum sem ekki hefur áður verið tilefni eða tækifæri til þess að leggja fram. Skúli hvatti til þess að lögmenn kynntu fyrirhugaða gagnaframlagningu fyrir gagnaðila utan réttar þannig aðilar gætu eftir föngum nýtt sameiginlega fresti til gagnaöflunar. Þá segi jafnframt í sömu grein að þegar gagnaöflun er lýst lokið þá eigi dómari að kanna hvaða skýrslur eiga að fara fram við aðalmeðferð. Vinnubrögðin séu hins vegar oft þau að lögmenn segi að einhverjar skýrslutökur verði og tilkynni það síðar með tölvupósti. Þetta heimili dómara þó lögin kveði skýrt á um annað. Skúli sagði ljóst að talsvert hefði mætt á íslensku réttarfari undanfarin ár, þar sem í sumum málum hefði verið neytt ítrustu úrræða. Að lokum sagði Skúli gildandi reglur þjóða uppá svigrúm til úrbóta og að slíkt ætti að nýta, allt yrði þó að gerast í góðu samráði á milli lögmanna og dómara.

## Frá sjónarhóli lögmanns

Ólafur Eiríksson hrl. tók næstur til máls og sagði þessar breytingar tengjast að miklu leyti málsmeðferð eftir hrun. Bæði íslenskir og erlendir lögmenn komi að málum og skjöl séu oft upphaflega unnin á ensku og síðan þýdd yfir á íslensku. Hrunmálin svokölluðu eru oft flókin, fjöldi blaðsíðna í stefnum og greinargerðum hlaupi á tugum og því geti verið erfitt að átta sig á því um hvað málin snúast. Ólafur sagði ástæðurnar fyrir aukinni lengd stefna, greinargerða og málskjala í fyrsta lagi vera takmarkaður málflytningstími í Hæstarétti. Í öðru lagi þá eru lögmenn ekki alltaf sammála um aðalatriði málsins og kjósa því að taka á öllu í stefnu og greinargerð

til þess að gleyma engu. Í þriðja lagi hafa lögmenn það oft á tilfinningunni að dómari hafi myndað sér skoðun á máli áður en til aðalmeðferðar kemur og því sé betra að hafa meira en minna í stefnum og greinargerðum. Ólafur sagði mögulegt að taka á þessu með samræmdum reglum um lengd en að hans mati væri heppilegra að gera málflytning markvissari. Til að ná fram markvissari málflytningi mætti spyrja lögmenn fleiri spurninga við aðalmeðferð um þau atriði sem dómari



telur skipta máli varðandi niðurstöðu máls eða þegar lögmaður hefur ekki fjallað um eitthvað sem skiptir máli. Enn betra væri ef dómari tilkynnti fyrir málflytning hvaða atriði þyrfti að leggja áherslu á. Málflytningur yrði þannig styttri og markvissari. Fordæmi fyrir þessu má t.d. finna hjá EFTA dómstólnum og hjá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Varðandi vaxandi málsmeðferðartíma í héraði, þá sagði Ólafur tímann hafa aukist verulega í einkamálum

og það væri að miklu leyti vegna matsmála. Í sakamálum hefði langur málsmeðferðartími verið vegna mikillar gagnaframlagningar. Hann sagði gagnrýni hafa komið úr ýmsum áttum, einkum frá ákærvaldinu vegna þess sem kallað er ítrekaðar formkröfur eða frávisunarkröfur. En þær raddir eru háværar sem telja að verjendur séu að tefja mál með slíkum kröfum. Þessar kröfur séu hins vegar ekki settar fram að ástæðulausu og því sé gagnrýni hvað þetta varðar algjörlega óréttmæt. Að lokum sagði Ólafur að menn gætu verið sammála um að magn framlagðra gagna væri oft meira en góðu hófi gegndi. Það geti þó reynst lögmönnum erfitt að takmarka magnið þegar hagsmunir skjólstæðinga þeirra hlaupa á tugum milljarða. Lögmenn eru einfaldlega ekki tilbúnir til þess að sleppa því að leggja fram gögn sem þeir telja að hafi ekki áhrif á niðurstöðu máls þar sem slíkt getur leitt til bótaábyrgðar ef dómari er ósammála.

## Að lokum

Líflegar umræður spunnust meðal viðstaddra. Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. sagði kjarnann í okkar réttarfari vera málsforræðisregluna, aðilar gerðu kröfur og útskýrðu á hverju þær væru byggðar og teldu síðan upp málsástæður. Dómurinn ætti að byggja á þessu. Jón sagði dómstóla vera farna að þjóna þessu hlutverki, þ.e. taka afstöðu málsástæðna. Það væri þó grundvallaratriði í réttarfari að dómar væru ekki byggðir á einhverju sem aðilar máls hefðu ekki haft tækifæri til þess að tjá sig um. Ragnar Aðalsteinsson hrl. sagði örsögu um samræður sínar við ungan lögmenn þegar hann gekk með honum um götur og spurði hver væri ástæðan fyrir því að verið væri að lengja stefnur og greinargerðir frá því sem áður tíðkaðist. Ungi lögmaðurinn svaraði og sagðist ekki treysta dómaramum til þess að nema það sem hann segði í hinum munnlega málflytningi.

*Anna Lilja Hallgrímsdóttir*





## Gledileg jól, farsælt komandi ár

### REYKJAVÍK

**ÁH lögmenn slf.**  
Vættaborgum 144  
112 Reykjavík

**Fjeldsted & Blöndal  
lögmannsstofa slf.**  
Suðurlandsbraut 18, 4. hæð  
108 Reykjavík

**Forum lögmenn ehf.**  
Aðalstræti 6  
101 Reykjavík

**Fulltingi slf.**  
Suðurlandsbraut 18  
108 Reykjavík

**Háskólinn í Reykjavík**  
Menntavegi 1  
101 Reykjavík

**Jón Egilsson hrl. og  
Auður Björg Jónsdóttir hdl.**  
Knarrarvogi 4  
104 Reykjavík

**JP Lögmenn ehf.**  
Katrínartúni 2, Höfðatorgi  
105 Reykjavík

**Juralis, lögmanns- & ráðgjafastofa**  
Sveinn Guðmundsson hrl.  
Ingi Freyr Ágústsson hdl.  
Jón Óttar Ólafsson Ph.D.  
Laugavegi 178  
105 Reykjavík

**LAG-Lögmenn sf.**  
Ingólfsstræti 5  
101 Reykjavík

**Lausnir lögmannsstofa sf**  
Suðurlandsbraut 52  
108 Reykjavík

**LOG lögmannsstofa sf.**  
Kringlunni 7  
103 Reykjavík

**Lögfræðipjónusta Sigurðar  
Sigurjónssonar hrl.**  
Sigtúni 42  
105 Reykjavík

**Löggarður ehf.**  
Tjarnargötu 4  
101 Reykjavík

**Lögmenn Árbæ slf.**  
Nethyl 2  
110 Reykjavík

**Lögmenn Jónas & Jónas Þór sf.**  
Stórhöfða 25  
110 Reykjavík

**Lögmenn Laugavegi 3 ehf.**  
Laugavegi 3  
101 Reykjavík

**Lögron, lögfræðistofa Reykjavíkur  
og nágrennis**  
Katrín Theodórsdóttir hdl. LL.M  
Ásvallagötu 2  
101 Reykjavík

**ÓK Lögmenn slf.**  
Gufunesvegi  
112 Reykjavík

**Pacta lögmenn**  
Laugavegi 99  
101 Reykjavík

**Sigurður I. Halldórsson hdl.**  
Síðumúla 13  
108 Reykjavík

**Sigurjónsson & Thor ehf.**  
Lágmúla 7  
108 Reykjavík

**Sveiney ehf.**  
Granaskjólí 90  
107 Reykjavík

**Valva lögmenn**  
Austurstræti 17  
101 Reykjavík

**Veritas lögmenn**  
Borgartúni 28, 3. hæð  
105 Reykjavík

**Vík lögmannsstofa ehf.**  
Laugavegi 77  
101 Reykjavík

### KÓPAVOGUR

**Íslenska lögfræðistofan**  
Smáratorgi 3  
201 Kópavogur

**Lögmannsstofa  
Guðmundar Þórðarsonar  
og Fasteignasala Kópavogs**  
Hamraborg 14a  
200 Kópavogur

**Þórutindur ehf.**  
Hlíðasmára 6  
201 Kópavogur

### HAFNARFJÖRÐUR

**Lögmenn Thorsplani sf.**  
Fjarðargötu 11  
220 Hafnarfjörður

### STYKKISHÓLMUR

**Málflutningsstofa Snæfellsness**  
Aðalgötu 24  
340 Stykkishólmur

### AKUREYRI

**Lögmannsstofa Akureyrar ehf**  
Hofsbót 4  
600 Akureyri

# Hagsmunagæsla lögmanna og hlutlæg álit

ALDREI ER GÓÐ vísa of oft kveðin en umfjöllun um úrskurð að þessu sinni hvetur lögmenn til að gæta þess að upplýsa skjólstæðinga skriflega um áætlaðan kostnað við mál og hafa sem mest skriflegt af því sem fer fram milli hans og skjólstæðings. Kvartað var yfir reikningsgerð og málarekstri Drífu Sigurðardóttur hrl. í máli 12/2015 og reyndi einkum á hvort Drífa hefði gætt 8. gr. síðareglna lögmanna um að gæta hagsmuna skjólstæðinga sinna í samræmi við meginreglu 1. gr., og hvort hún hefði gætt 10. gr. reglnanna um að lögmaður skuli ætíð gefa skjólstæðingi hlutlægt álit á málum hans, gera grein fyrir áætluðum kostnaði og vekja athygli á því hvort ætla megi að kostnaður verði hár að tiltölu við þá hagsmuni sem í húfi eru.

## Málsatvik

Hugleikur Hjaltason festi kaup á fasteign í Hveragerði árið 2005, þá tæplega áttræður. Á fasteigninni hvíldi þinglýst, ótímabundin og óuppsegjanleg kvöð um skyldu til að vera aðili að þjónustusamningi við Heilsustofnun NLFÍ sem hann undirritaði samhliða kaupsamningnum.

Hugleikur var alla tíð ósáttur við samninginn sem hann taldi ósanngjarnan og einhliða, og að ekki hefðu verið veittar fullnægjandi upplýsingar við samningsgerðina. Hann leitaði til kærunefndar húsamála, og síðar til umboðsmanns Alþingis sem taldi að um einkaréttarlegan ágreining væri að ræða.

Í ársbyrjun 2012 leitaði Hugleikur

til Drífu sem sendi talsmanni neytenda ábendingu um málið og vakti athygli á aðstæðum eldri borgara að þessu leyti. Í apríl 2013 sendi Hugleikur bréf til Drífu þar sem fram kom að hann hyggðist fylgja kröfum sínum eftir með höfðun dómsmáls og óskaði upplýsinga um líklega dómsniðurstöðu og kostnað. Fulltrúi Drífu svaraði bréfinu og tiltók að ekki væri unnt að geta til um líkur á jákvæðri niðurstöðu dómsmáls, en að á brattan væri að sækja í slíkum málum þar sem reyndi á ósanngjarna samningsskilmála. Líklegt væri að kostnaður við málareksturinn kynni að nema allt að einni milljón króna auk þess sem Hugleikur kynni að þurfa að greiða málskostnað gagnadila ef málið tapaðist.

Fyrir hönd Hugleiks sendi Drífa Heilsustofnun NLFÍ uppsögn á samningnum sem var synjað. Skömmu síðar hætti Hugleikur að greiða þjónustugjöld samkvæmt samningnum og var þá stefnt fyrir dóm. Drífa leitaði eftir þátttöku tryggingarfélag Hugleiks í greiðslu málskostnaðar en þeirri beiðni var synjað og sú niðurstaða tryggingarfélagssins staðfest fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum. Þá óskaði hún eftir gjafvörn en þeirri beiðni var einnig synjað. Um það leyti sendi lögmaðurinn fyrsta reikning vegna málsins sem hljóðaði upp á kr. 97.890 kr. með vsk.

Málið var flutt í febrúar 2015 og dómur kveðinn upp í mars. Málið tapaðist og Hugleikur var dæmdur til að greiða þjónustugjöldin auk kr. 500.000,- í málskostnað. Í kjölfarið sendi Drífa annan reikning. Þar

var gerð krafa um greiðslu útlagðs kostnaðar, auk 1.300.000,- að viðbættum vsk. vegna málskostnaðar. Var þar vísað til vinnutímaskýrslu. Hugleikur lést daginn eftir útgáfu reikningsins, 88 ára gamall, og fékk sonur hans, Friðþjófur, umboð til að koma fram fyrir hönd búsins.

## Hverra hagsmuna var gætt

Friðþjófur var ekki sáttur við reikning Drífu lögmanns og lagði fram kvörtun til úrskurðarnefndar þar sem hann krafðist þess að hún sætti áminningu og að henni yrði gert að fella niður stóran hluta reikningsins. Friðþjófur taldi að Drífa hefði brotið gegn 8. og 10. gr. síðareglna lögmanna. Störf hennar hefðu verið í andstöðu við hagsmuni Hugleiks í ljósi þess mikla kostnaðar sem augljóst var að myndi hljóta af málinu og þess óverulega ávinnings sem stefnt var að. Ekki væri hægt að líta til hagsmuna annarra eldri borgara í sömu stöðu í þessu samhengi. Friðþjófur taldi að Drífu hefði borið að ráðleggja föður hans að leggja ekki í dómsmálið en segja sig ella frá málinu í ljósi háls aldurs hans. Þannig hefði Drífa sjálf bent á það í greinargerð í dómsmálinu að Hugleikur hefði vegna aldurs tæplega áttað sig á eðli þjónustusamningsins og þeim kostnaði sem honum tengdist.

Drífa bar því hins vegar við að skjólstæðingur hennar hefði verið virkur í starfi eldri borgara og verið hagsmunamál þeirra hugleikinn. Hefði hann talið mál sitt hafa mikil áhrif á verðmæti fasteignar sinnar. Málið hefði breiða skírskotun og væri

prófmál varðandi réttindi eldri borgara sem neytenda í fasteignakaupum. Drífa kvaðst hafa ráðlagt honum frá því að leggja í dómsmálið og gert honum fulla grein fyrir kostnaðinum, en hann hafi verið ákveðinn í því að taka til varna í málinu.

Drífa sagði að Hugleikur hefði haft fulla andlega getu til að átta sig á undirliggjandi hagsmunum og þeirri áhættu sem hann tók. Ekkert sambengi væri á milli þessa og þeirra málsástæðna sem hún hafi teft fram í dómsmálinu þess efnis að eðli þjónustusamningsins og það hvernig staðið var að samningsgerðinni hefði gert öldruðum umbjóðanda hennar erfitt fyrir að átta sig á skuldbindingum sínum.

## Aðferðafræði við reikningagerð

Friðþjófur gerði einnig athugasemdir við að eingöngu hefðu verið gefnir út tveir reikningar, annar í byrjun og hinn síðari við uppkvaðningu dómsins. Það hefði orðið til þess að faðir hans hefði ekki getað áttað sig á öllum kostnaðinum

Drífa kvað Hugleik hins vegar hafa óskað sérstaklega eftir því að bíða með greiðslu kostnaðar þar til dómur lægi fyrir. Þá hafi lögmaðurinn leitast við að fá kostnaðinn greiddan úr tryggingu hans eða sem gjafvarnarkostnað og því ekki verið tímabært að gefa út reikning fyrir en eftir að dómur féll.

Að því er reikninginn sjálfan varðaði taldi Drífa að hann væri eðlilegur. Hugleiki hefði verið fullljóst hver staðan væri á tímaskráningum og hefði haft fulla getu til að greiða reikninga. Í því sambandi vísaði hún til þess að Hugleiki hefði verið synjað um gjafsókn þar sem tekjur hans hefðu numið um sjö milljónum króna árið 2014 og þess að Huguikur hefði átt bæði eignir og lausafé.

## Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar

Úrskurðarnefndin taldi gögn málsins styðja frásögn Drífu um að umbjóðandi hennar hafi verið mjög áfram um málareksturinn og taldi ekkert hafa komið fram sem hnekkti þeirri frásögn að Hugleikur hefði hætt að

greiða þjónustugjaldið og tekið til varna í dómsmálinu gagnstætt ráðleggingum lögmannsins.

Þá taldi nefndin að engin gögn hefðu verið færð fram því til stuðnings að andlegri heilsu Hugleiks hefði verið þannig háttáð að lögmanninum hefði borið að víkjast undan málarekstrinum heldur hefðu samskipti þeirra þvert á móti bent til hins gagnstæða. Sú staðreynd að Drífa hefði teft aldri hans fram sem málsástæðu í dómsmálinu var ekki talið hagma þeirri niðurstöðu.

Nefndin féllst því ekki á að beita lögmanninn viðurlögum vegna brota á 8. eða 10. gr. siðareglna lögmannna og taldi að með vísan til skriflegra samskipta um líklegan kostnað og með hliðsjón af þeim aukastörfum sem Drífa sinnti vegna málsins, ætti reikningurinn ekki að sæta lækkun.

*Eva Halldórsdóttir bdl.*

Nöfn málsaðila eru uppdiktuð af höfundi, enda eru úrskurðir Úrskurðarnefndar lögmannna ætíð nafnlausir.

Andri Árnason hrl.  
Edda Andradóttir hdl., LL.M.  
Finnur Magnússon hdl., LL.M.  
Halldór Jónsson hrl.  
Lárus L. Blöndal hrl.  
Sigurbjörn Magnússon hrl.  
Simon David Knight  
Stefán A. Svensson hrl., LL.M.  
Vífill Harðarson hrl., LL.M.

# juris

Borgartúni 26  
IS 105 Reykjavík  
+354 580 4400  
www.juris.is





BBA

# Af Merði lögmanni

Nú hefur enn og aftur sannast það sem Mörður hefur löngum haldið fram að íþróttir eru af hinu illa og flestar físiskar viðaukahreyfingar skyldi forðast og varast. Mörður, sem hafði samviskusamlega öll sín fullorðinsár sneitt hjá allri óþarfa líkamlegri áreynslu, hafði í stundarbrjálæði gleymt eigin viðvörunarorðum þegar hann gekk framhá skautasvellinu á Ingólfstorgi fimmtudagskvöld eitt á aðventunni. Þar rak hann augun í virðulegan hæstaréttardómara sem renndi sér með þokkafullu yfirlæti. Sá hinn sami hafði fyrr um daginn kveðið upp dóm þar sem með óskiljanlega fráleitum hætti voru gerðar athugasemdir við vinnulag og lögmanshætti Marðar. Þótti málatilbúnaður ruglingslegur og ómarkviss, réttarfarssnúningar tilgangslausir og til þess eins fallnir að tefja mál og samstöðufundir með vitnum voru víst í hæsta máta óeðlilegir. Mörður hefur, líkt og skynsamir kollegar hans, hingað til aldrei vikið opinberu styggðaryrði að dómurum landsins þrátt fyrir fjölmargar fúlar bombur úr þeirri átt, jafnt úr fimmtudagslottóinu sem og flestum héruðum landsins. Hann hefur frekar lagt sig fram um að mæta á allar sameiginlegar skjallsamkomur jússafélaganna og gengið þar á milli og smjaðrað, mært og skjallað silkihúfurnar eins og hrútaþuklandi Strandamanni einum er lagið. Merði hafði reyndar aðeins runnið kapp í skjallkinnina á síðasta jólahlaðborði og einhver misskilið stutta sýnikennslu hans í hrútaþukli þar sem notast var við það sem hendi var næst, sem einmitt vildi svo til að var þessi sami dómari sem þarna sveif eftir svellinu eins og verðlaunahrútur, hálsinn sver, herðarnar breiðar og vel holdfylltar, lærin þykk... . Hvað um það þá hringdi formaður félagsins í Mörð næsta morgun og tilkynnti honum að tekin hefði verið sú ákvörðun að Mörður væri ekki velkominn á næsta lagadag og jólahlaðborð, alveg óháð því hver afdrif framkominnar kæru yrðu. Þarna í birtu jólaljósanna sótti að Merði óbærileg löngun til þess að hafa dómarrann undir, í bara eitt skipti. Án þess að hafa fyrir því að endurskoða hug sinn rauk Mörður upp á svellið og tók á rás eftir fótafimu silkihúfunni. Ekki var hann kominn nema hálf skref þegar á honum skullu óteljandi kvennamannsbrjóst og mjaðmir, höfuðið skall í ísinn og allt varð svart. Mörður rankaði við sér síðar þetta kvöld í sjúkrarúmi og komst enn síðar að því að hann hafði þarna arkað beint í flasið á Kvenfélagi lögmanna sem hélt árlegt jólaglög sitt skammt frá. Merði grunar að einhverjir meðlimir hópsins hafi ekki legið á liði sínu í að hafa hann undir við þetta tækifæri enda verið kenndur við ýmis ógeðfelld skriðkvikindi af lögfreyjum síðan hér um árið að hann kallaði félagsskapinn félag kvenjússa, í grein í Lögmannablaðinu (en komman yfir úið féll af einhverjum ástæðum niður). Lögfreyjurnar voru svo óforskammaðar að kæra Mörð fyrir áreiti á svellinu en Mörður lagði umsvifalaust fram gagnkæru á hendur þeim fyrir líkamsárás og rangar sakargiftir. Með vísan til framburðar vitna þóttu kærur Marðar augljóslega án tilefnis og var rannsókn vegna þeirra umsvifalaust hætt.

Mörður liggur nú í sjúkrarúmi með heilahristing og stöðu sakbornings. Í næsta rúmi við hann liggur Guglielmo IV, geðþekki verjandinn sem núorðið er þekktastur fyrir feikivinsælan lífstílsþátt sinn „innlit/útlit“ þar sem hann heimsækir skjólstæðinga sína og bregður kastljósi samfélagsins á framúrstefnulega innanhúshönnun og almenn smekklegheit viðkomandi. Guglielmo IV hafði orðið fyrir því óláni þegar hann yfirgaf Héraðsdóm Reykjavíkur eitt síðdegðið nýverið að lenda beint í flasinu á hópi mótmælenda sem þar voru staddir til að mótmæla úreltri nærsýni dómstóla. Mun hópurinn að mestu hafa samanstaðið af félagi húsmæðra af Nesinu sem komið höfðu við á leið sinni á Töpperware kynningu sem halda átti um kvöldið. Ber vitnum ekki saman um hvað fór fram í kósinni en lögmaðurinn mun hafa lent beint á fésinu og orðið fyrir nokkru hnjaski með þeim afleiðingum að hann var nú rúmfastur á sjúkrahúsi. Að sögn einhverra sjónarvotta mun lögmaðurinn hafa tjúllast yfir því hversu ósmekkleg nýja línan frá Töpperware væri, aðrir telja að hann þjáist af bráðaofnæmi fyrir plasti og enn aðrir að hann hafi misst réttisýnisglæraugun í ræsið og orðið undir hópnun. Það sem vitnum ber hin vegar saman um er að Guglielmo IV hafi gert tilraun til þess með ofríki og ógnunum að koma í veg fyrir að lögleg Töpperware kynning yrði haldin þá um kvöldið. Hefur hann verið kærður fyrir brot á ákvæðum almennra hegningalaga um almannafríð og allsherjarreglu og bíður aðalmeðferðar í máli sínu.

Það eina sem veitt hefur þeim herbergisfélögunum gleði og frið þessa myrku aðventudaga er að fá fylgjast með ævintýrum nakta mannsins í kassanum sem stundar litla hreyfingu.



## FLEIRI ÚTSELDIR TÍMAR

Manor fjölgar útseldum tímum hjá notendum sínum með nýrri aðferð við tímaskráningu sem sérsniðin er að þörfum íslenskra lögmannna. Aðferðin hefur slegið í gegn og notar mikill fjöldi lögmannna Manor á hverjum degi.

Hafðu samband ef þú vilt kynnst Manor.

Það er heitt á könnunni.

**MANOR**  
ADVANCED LEGAL SOFTWARE

546-8000 - [manor@manor.is](mailto:manor@manor.is) - [www.manor.is](http://www.manor.is)





Gríðarlega góð þátttaka var á fundinum og komust færri að en vildu. F.v. Jóhanna Harpa Árnadóttir verkfræðingur, Birna Bragadóttir Orkuveitunni, Margrét Flóvenz endurskoðandi, Rannveig Rist verkfræðingur, Guðrún Sesselja Arnadóttir lögmaður, Lilja Sigrún Jónsdóttir læknir og Arna Ýrr Sigurðardóttir prestur.

## Með storminn í fangið

HINN 29. OKTÓBER sl. buðu nýstofnuð Samtök fagfélaga kvenna til málþings um stöðu hinnar menntuðu konu undir yfirskriftinni: „Með storminn í fangið!“ að samtökunum standa Félag kvenna í lögmennsku, Félag kvenna í læknastétt, kvennanefnd Verkfræðingafélags Íslands, Félag kvenna í endurskoðun og Félag prestvígðra kvenna.

Þátttakendur voru rúmlega 200 en færri komust að en vildu. Dagskráin hófst á því að Jóhanna Harpa Árnadóttir, verkfræðingur og formaður kvennanefndar Verkfræðingafélags Íslands, ávarpaði gesti.

Þá flutti Rósa Guðrún Erlingsdóttir, sérfræðingur stjórnvalda við stefnumótun í jafnréttismálum, erindi sem bar yfirskriftina: „Staða kvenna á vinnumarkaði – er jafnrétti í auglýsni?“ Rósa Guðrún fór yfir hvernig jafnréttismálum væri háttað frá sjónarhorni stjórnvalda og hvaða vinna væri nú í gangi til að rétta hlut kvenna á vinnumarkaði. Ólöf Júlíusdóttir, doktorsnemi í félagsfræði við Háskóla Íslands, flutti erindi sem bar yfirskriftina: „Samspil fjölskyldu og atvinnulífs: tækni, tími og rými.“ Þar fjallaði hún um niðurstöður nýlegrar rannsóknar sem hún stóð að um þetta áhugaverða efni.

Að loknum erindum ávarpaði

frú Vigdís Finnbogadóttir málþingið og sagði frá því hvaða hlutverk menntun hefði haft í starfsferli hennar og mikilvægi menntunar. Síðan tóku við afar áhugaverðar pallborðsumræður þar sem tóku sæti fulltrúar allra félaganna auk fulltrúa frá Orkuveitunni. Fyrir hönd FKL tók Guðrún Sesselja Arnadóttir, hæstaréttarlögmaður, þátt í pallborðinu.

Niðurstöður málþingsins voru á þá leið að viðhorfsbreytingu þyrfti til að jafna hlut kvenna og karla á vinnumarkaði. Þá var framsögumönnum, sem og þeim sem tóku þátt í pallborði, margrætt um mikilvægi þess fyrir starfsframa kvenna að lengja

fæðingarorlof og hækka greiðslur úr fæðingarorlofssjóði. Það væri lykillinn að því að rétta hlut kvenna á vinnumarkaði. Auk þess kom fram að samkvæmt rannsóknum, innlendum sem erlendum, taka konur enn mun meiri ábyrgð á heimili og börnum. Til þess að breyta því þurfi að taka til skoðunar ýmsa þætti og vinna markvisst að því að jafna hlut kynjanna að þessu leyti.

Að loknum pallborðsumræðum þáðu gestir veitingar í boði Orkuveitunnar og nutu félagsskápans. Þótti málþingið hafa lukkast vel og voru félagskonur ánægðar með framtakið.

*Krístrún Elsa Harðardóttir*



Rannveig Rist og Guðrún Sesselja Arnardóttir.

# Gledileg jól

## Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda  
*Ása – þýðinga og túlkunar slf:*

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi  
Bjarni Gunnarsson, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi  
Niels Rask Vendelbjerg, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi  
Jóhann Guðnason, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi  
Matthías M. Kristiansen, þýðandi  
Daniel D. Teague, skjalapýðandi  
Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.  
Aðili að rammisamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

*Ásar – þýðingar og túlkun slf* » Skipholti 50b » sími: 562-6588 » netf: [ellening@simnet.is](mailto:ellening@simnet.is)

REIMAR PÉTURSSON HRL.



## Símhlustanir

FRÉTTAFLUTNINGUR AF DÓMS-MÁLUM hefur aukist á undanförunum árum. Í þessu felst aukið álag á lögmenn, sem auk venjubundinna starfa, þurfa að glíma við afleiðingar slíkrar umfjöllunar á viðskiptavini sína.

Lögmenn þurfa að gæta vissrar varúðar áður en þeir blanda sér í opinbera umræðu um þau mál sem þeir flytja. Þannig ber lögmönnum að virða óskir skjólstæðinga sinna um að ekki sé fjallað um málið af þeirra hálfu, sbr. 1. mgr. 5. gr. siðareglna lögmanna. Þó er lögmönnum „jafnan rétt“ að koma á framfæri mótmælum og leiðréttingum við „röngum og villandi fréttum af málum,“ sbr. 2. mgr. 5. gr. Komi til þess að lögmenn tjái sig opinberlega ber þeim „að forðast að samkenna sig“ skjólstæðingum sínum, sbr. 2. mgr. 8. gr., og þeim er óheimilt „ljóstra upp“ atferli sem „getur valdið gagnaðila hneykslisspjöllum,“ sbr. 35. gr.

Á dögnum hélt Lögmannafélagið fund þar sem Róbert Spanó fjallaði um tjáningarfrelsi lögmanna samkvæmt 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Samantekið virðast mér skilaboð Róberts þau að ákvæði sáttmálans heimili þær skorður á tjáningarfrelsi lögmanna sem leiða af tilvitnuðum ákvæðum siðareglanna. Lögmenn njóti á hinn bóginn tiltölulega rúms svigrúms til þátttöku í opinberri umræðu um mál sem kastljós fjölmiðla

beinast að. Þá megi þeir, nánast án hindrana, tjá sig um og flytja mál í dómsalnum.

Á dögnum féll dómur í Hæstarétti sem varðaði þátttöku verjanda í opinberri umræðu. Sjá dóm frá 14. okt. 2015, mál nr. 688/2015. Málið sem um ræddi hafði vakið athygli fjölmiðla. Einn helsti prentmiðill landsins gerði málið að umtalsefni á forsíðu sinni og birti þar og á annarri blaðsíðu viðtal við aðstoðaryfirlögregluþjóninn sem fór fyrir rannsókninni. Hvergi var tiltekið að sakborningar, sem sættu gæsluvarðhaldi, hefðu neitað sök. Þess í stað var gefið í skyn að þeir ættu yfir höfði sér þunga fangelsisdóma.

Daginn eftir birtust á vefmiðli fjölmiðilsins ummæli verjanda eins sakborninganna þar sem hann sagði skjólstæðing sinn hafa lýst yfir sakleysi, hann hefði „aldrei komist í kast við lögin“ og vissi „ekkert“ hverjir aðrir sakborningar væru.

Hæstiréttur taldi verjandann með þessu hafa brotið gegn þagnarskyldu sinni. Á honum hafi hvílt þagnarskylda samkvæmt 3. mgr. 35. gr. laga nr. 88/2008 sem næði til allra þeirra atriði sem leynt ættu að fara samkvæmt „lögum, venju eða eðli máls.“ Ummæli verjandans hefðu verið þess eðlis að ekki væri hægt að „útiloka“ að þau „gætu haft áhrif“

á aðra sem rannsóknin „gat tekið til.“ Þagnarskyldan hefði því tekið til þeirra.

Þessi sjónarmið Hæstaréttar hafa lítt verið til umræðu meðal lögmanna. Verjendur munu vafalaust íhuga þau og endurmeta starfsaðferðir sínar út frá þeim. Niðurstaðan gæti orðið til þess að letja verjendur til þátttöku opinberri umræðu um einstök sakamál. Krefjist rannsóknarhagsmunir þess, verður svo að vera.

Hiitt er óþolandi, ef lögregla ætlar að nýta tómarúmið sem myndast við brottför verjanda af sviðinu til að leka upplýsingum um stöðu rannsókna og tromma upp áróður gegn sökuðum mönnum. Standi verjendur keflaðir gagnvart slíku er óhjákvæmilegt að þeir beini kærnum til ríkissaksóknara.

Loks geta verjendur ekki litið fram hjá ákvæði 2. mgr. 5. gr. siðareglanna sem lýsir þeim „jafnan rétt“ að koma á framfæri mótmælum. Verjendur geta því þurft að andmæla rangri og villandi umfjöllun fjölmiðla sem beinist gegn skjólstæðingum þeirra. Séu lögregla eða brotaþolar því andsnúin verða þau að beina umkvörtunum sínum til þeirra sem hefja slíkar umræður, ekki til verjenda.



# Búðu þig undir skapandi framtíð

Ferðin frá hugmynd að farsælu fyrirtæki með skýra framtíðarsýn kallar á öflugan samstarfsaðila.

Kynntu þér þjónustu okkar á  
[arionbanki.is/fyrirtaeki](http://arionbanki.is/fyrirtaeki)

Fyrirtækjaþjónusta Arion banka



**2015**

„Nú erum við búin að kaupa næstu jörð. Það bíða ótal tækifæri.“

**2004**

„Við vorum búin að vera kúabændur í 10 ár. Þá ákváðum við að breyta búinu í sveitahótel.“







## Lagadeild Háskóla Íslands AÐGANGSPRÓF (A-PRÓF) OG UMSÓKN

Þeir sem hyggjast hefja nám við Lagadeild Háskóla Íslands haustið 2016 þurfa auk stúdentsprófs að þreyta aðgangspróf (A-próf).

Markmið og ávinningur með A-prófi

- Takmarka fjölda nýnema á hverju hausti.
- Betri og fjölbreyttari kennsla í smærri hópum.
- Aukin persónuleg samskipti kennara og nemenda.
- Minna brottfall nemenda.
- Auka hlut verkefna í námsmati BA-námsins.

**11. mars:** Umsóknarfrestur til að þreyta A-próf í mars.

**19. mars:** A-próf haldið.

**5. júní:** Umsóknarfrestur til að þreyta A-próf í júní og sækja um BA-nám.

**10. júní:** A-próf haldið.

Allar nánari upplýsingar um A-prófið er að finna á heimasíðu prófsins: [www.hi.is/a\\_prof](http://www.hi.is/a_prof)  
Kynningarbæklinga og myndbönd Lagadeildar HÍ má finna á: [www.lagadeild.hi.is](http://www.lagadeild.hi.is)

Apróf



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
LAGAÐEILD

HRÓBJARTUR JÓNATANSSON HRL.



# „Staðfest með vísan til forsendna“

DÓMSTÓLAR ERU ÁN vafa ein mikilvægasta stofnunin í samfélaginu. Þeir gegna því hlutverki að skera úr deilum um réttindi og skyldur borgaranna innbyrðis og ákveða hvernig opinberu valdi skuli beitt í flóknu og sístækkandi regluverki sem samfélagið setur sér. Dómstólarnir útdeila því hinu samfélagslega réttlæti á báðar hendur í samræmi við skilgreiningu þess í regluverkinu hverju sinni.

Megineinkenni dómsniðurstöðu er sú að hún er valdbundin, hún verður ekki sniðgengin eða virt að vettugi af þeim sem niðurstaðan beinist gegn. Undan dómsniðurstöðu verður ekki komist, hana þarf að virða með góðu eða illu. Endanleg dómsniðurstaða er bindandi og varir um ókomna tíð sem minnisvarði um það réttlæti sem dómstóll úthlutar málsaðilum í því tilfelli.

Af þessum ástæðum hafa lýðræðisríki, meðal annars, lagt áherslu á tvo afar mikilvæga þætti í dómstólameðferðinni til að treysta réttaröryggi borgaranna. Annar vegar að ekki aðeins einn dómstóll skeri úr um réttarágreiningu heldur geti málsaðilar skotið ágreiningnum til æðri dómstóls til endurskoðunar á niðurstöðu undirréttar. Hins vegar að dómsniðurstaða skuli rökstudd með viðurkenndum hætti svo sá sem þola þarf dómsniðurstöðuna geti fullvissað sig um að rökleiðsla dómsins fyrir henni samræmist viðurkenndum reglum um sönnunarmat og lögskýringaraðferðir.

Ég ætla að víkja nokkrum orðum að þessu síðarnefnda, rökstuðningi fyrir dómsniðurstöðu Hæstaréttar í staðfestingardómum réttarins.

## Rökstuðningur

Því fer fjarri að allir dómur Hæstaréttar séu rökstuddir með sjálfstæðum hætti af hálfu réttarins og á ég þar við staðfestingardóma sem hafa ekki annað og meira að geyma en vísan til forsendna héraðsdóms.

Spyrja má hvort að ásætlanlegt sé að Hæstiréttur Íslands, eini áfrýjunardómstóll landsins, leysi úr málum sem fyrir hann eru lögð með því einu að vísa til raka undirréttar fyrir niðurstöðu sinni?

Það er löngu orðið viðurkennt og fest í lög að úrlausnir stjórnvalda um réttindi eða skyldur borgaranna skulu vera rökstuddar.

Í 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37, 1993 (ssl.) er kveðið á um þá meginreglu að aðili máls geti krafist rökstuðnings fyrir stjórnvaldsákvörðun. Er sérstaklega tekið fram að úrskurðum í kærumálum skuli ávallt fylgja rökstuðningur. Í 22. gr. ssl. er kveðið nánar á um efni rökstuðnings. Skal stjórnvaldið vísa til málsatvika sem hafa verulega þýðingu fyrir niðurstöðu máls, greina frá þeim meginsjónarmiðum sem voru ráðandi við niðurstöðuna og réttarreglum sem ákvörðun þess byggist á. Í greinargerð með lögunum segir að meiri kröfur skuli gera til rökstuðnings í kærumálum. Æðra stjórnvaldi er samkvæmt því skylt að rökstyðja niðurstöðu sína með fullnægjandi hætti og í því felst auðvitað að það getur ekki gert rökstuðning lægra setts stjórnvalds að sínum án þess að færa fyrir því sjálfstæð rök afhverju hann skuli lagður til grundvallar niðurstöðu.

Er ástæða til að gera minni kröfur til Hæstaréttar en æðra stjórnvalds um rökstuðning fyrir niðurstöðu máls?

## Réttur til réttlátrar málsmeðferðar

Í 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu er kveðið á um réttinn til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Í honum felast nokkur grundvallarréttindi, meðal annars þau að dómur skuli vera rökstuddur, jafnt í einkamálum og sakamálum. Ef engan rökstuðning er að finna fyrir úrlausn máls, sem á annað borð fellur undir gildisvið 1. mgr. 6. gr. sáttmálans, þá er um skýlaust brot að ræða á málsgreininni. Rökstuðningur fyrir dómsniðurstöðu verður einnig að uppfylla tilteknar lágmarkskröfur að mati Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE). Ella, telst vera um brot gegn 1. mgr. 6. gr. að ræða.

Í XVI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 (eml.) er mælt fyrir um að héraðsdómari skuli láta forsendur fylgja dómsorði þar sem gerð skal rökstudd grein fyrir niðurstöðu um sönnunaratríði og lagaatriði. Í því felst að héraðsdómari sem hefur, til dæmis, til úrlausnar lögmæti niðurstöðu stjórnvalds, og er sammála rökstuðningi og niðurstöðu þess, getur þó ekki látið sér nægja eingöngu að vísa til forsendna stjórnvaldsins fyrir niðurstöðunni. Það væri andstætt eml. og reglunni um réttláta málsmeðferð. Héraðsdómari verður því ávallt að færa sjálfstæð rök fyrir niðurstöðu sinni.

Í 150. gr. og 166. gr. eml. er kveðið



á um að um meðferð kæru- og áfrýjunarmála fari að öðru leyti eftir reglum um meðferð mála í héraði, eftir sem við á. Í 164. gr. eml er fjallað sérstaklega um rökstuðning fyrir dómur-úrlausnum Hæstaréttar. Í 2. mgr. 164. gr. segir að þegar máli sé frávísað eða dómur ómerktur og máli heimvísað skuli aðeins getið um ástæður þess í dómi auk málskostnaðar. Í 3. gr. segir meðal annars að sé kveðinn upp efnisdómur skuli „greina frá kröfum aðila eftir því sem þörf er á svo niðurstaðan sé skýr“. Þá segir í 3. mgr. 164. gr. „Ef og að því leyti sem niðurstöðu héraðsdóms er breytt skal það rökstutt í dómi Hæstaréttar. Fallist Hæstiréttur á niðurstöðu héraðsdóms en ekki á röksemdir fyrir henni getur hann greint frá rökum sínum fyrir henni eftir því sem þykir þörf“.

## Minni kröfur til Hæstaréttar en æðra stjórnvalds

Samkvæmt þessu er Hæstarétti ekki skylt samkvæmt eml. að rökstyðja sérstaklega þegar rétturinn fellst á rökstuðning og niðurstöðu héraðsdóms. Ídulega er í staðfestingardómum Hæstaréttar ekki að finna neinn sjálfstæðan rökstuðning réttarins fyrir þeirri niðurstöðu að staðfesta héraðsdóm, heldur er eingöngu vísað í forsendur héraðsdómsins án nokkurs frekar. Í engu er vikið að málsrökum áfrýjanda og engin sjálfstæð grein er gerð fyrir málinu eins og það er lagt fyrir Hæstarétt. Færa má rök fyrir því að slík málsmeðferð áfrýjunardómstóls

samræmist vart reglunni um réttláta málsmeðferð fyrir dómi. Áhugavert er að bera saman þessar ólíku skyldur æðra stjórnvalds og Hæstaréttar um sjálfstæðan rökstuðning fyrir niðurstöðu í ljósi þess eftirlits- og samræmingarhlutverks sem Hæstiréttur gegnir gagnvart niðurstöðum héraðsdómstóla. Virðist í þessu efni betur um hnútana búið í stjórnvísulögum en réttarfarslögum.

Sá sem skýtur máli sínu til Hæstaréttar Íslands, og teflir fram rökum fyrir því að niðurstöðu undirréttar skuli hnekkt væntir þess að Hæstiréttur rökstyðji niðurstöðu sína, ekki síst ef rétturinn staðfestir niðurstöðu héraðsdóms. Hann hefur réttmætar væntingar um að fá skýringar réttarins á því af hverju málsrökum hans var svo ábótavant að ekki voru lagalegar forsendur fyrir því að taka kröfur hans til greina. Staðfestingardómur Hæstaréttar sem fjallar ekki með nokkrum hætti um röksemdir áfrýjanda ber hvorki með sér að rétturinn hafi ígrundað málatilbúnað hans né upplýsir áfrýjanda um það af hvaða ástæðum ekki var lagalegur grundvöllur að mati Hæstaréttar fyrir því að hrinda niðurstöðu undirréttar.

Það er auðvitað ekki útilokað að í einföldum málum séu röksemdir héraðsdóms fyrir niðurstöðu svo afgerandi og augljósar að engu sé við þær að bæta. En í flóknari málum og sér í lagi þeim tilvikum þegar áfrýjandi setur fram rökstuddar athugasemdir um að undirréttur hafi ekki leyst úr öllum málsástæðum hans, eða hafi

komist að rangri niðurstöðu um staðreyndir eða lagaatriði, þá ber staðfesting Hæstaréttar í héraðsdómi eingöngu „með vísan til forsendna“ ekki með sér að rétturinn hafi ígrundað niðurstöðuna.

Af hverju gerir löggjafinn minni kröfur til Hæstaréttar um rökstuðning fyrir niðurstöðu máls en til æðra stjórnvalds?

Af lögskýringargögnum má álykta að aukið álag á Hæstarétt hafi verið ástæða þess að rétturinn er sérstaklega leystur undan þeirri skyldu að rökstyðja sjálfstætt alla dóma sína.

## Eru sjónarmið um skilvirkni æðri réttaröryggi?

Ákvæði 164. gr. eml., eins og mörg önnur núgildandi ákvæði laganna er varða áfrýjun og kæru, var lögtekið árið 1994 og var áður ekki hliðstæða þess í lögum. Í greinargerð með frumvarpi til laganna var fjallað í ítarlegu máli um aukið álag á dómstóla vegna fjölgunar mála og lengri málsmeðferðartíma. Í athugasemdum með 164. gr. segir meðal annars að: „Ráðgert [sé] í 3. mgr. að dómar verði öllu efnismeiri en þó breytilegir eftir aðstæðum. Alltaf yrði þó að greina frá kröfum aðila í dómi en eftir þörfum yrði síðan fjallað um málavexti og röksemdir fyrir niðurstöðu. Þessar reglur eru öllu ítarlegri en núgildandi fyrirsmáli í 54. gr. laga nr. 75/1973 og gefa svigrúm til að stytta nokkuð dóma Hæstaréttar eftir því sem tilefni þætti til í framkvæmd.“

\* Fjöldmargir ánægðir lögfræðingar eru að nýta sér þjónustu okkar, með góðum árangri.



### Þjónusta Símaversins er m.a. :

- Að annast símsvörun fyrir fyrirtæki.
- Fyrir einyrkja, millistór og stór fyrirtæki.
- Vönduð og traust.
- Í höndum sérþjálfaðra starfsmanna.
- Að vera þinn þjónustufulltrúi.



Símaverið ehf - Sími: 450 5500

Heimasíða: [www.simaverid.is](http://www.simaverid.is) - Tölvupóstur: [simaverid@simaverid.is](mailto:simaverid@simaverid.is) - Heimilisfang: Pollgata 2, 400 Ísafjörður

Lagabreytingin ber því með sér að sá tilgangur að „stytta nokkuð dóma“ hafi verið sá að auka afköst Hæstaréttar og hraða málsmeðferð fyrir réttinum. Það skal játað að auðvitað er mikilvægt að borgararnir fái úrlausn sinna mála fyrir dómstólum innan hæfilegs tíma, í því felst réttaröryggi. Hins vegar, er ekki síður mikilvægt frá réttaröryggissjónarmiði að sá sem á hagsmuni sína undir ákvörðun dómstóls fái sæmilega góða vissu fyrir því að mál hans hafi verið skoðað frá öllum hliðum og að niðurstaða dómsins sé vel ígrunduð og byggð á viðurkenndri lögfræðilegri rökleiðslu.

MDE hefur í ýmsum dómum sínum fjallað um það hversu ítarlegur rökstuðningur áfrýjunardómstóls þurfi að vera. Hefur MDE lagt áherslu á að reglan um réttláta málsmeðferð feli það í sér að þegar áfrýjunardómstóll styðjist við forsendur undirréttar skuli hann þá í það minnsta taka til umfjöllunar þau grundvallaratriði (e. essential issues) sem færð hafa verið fram í málskotinu.

Þeim mun mikilvægara sé að uppfylla þessa skyldu þegar málatilbúnaður fyrir áfrýjunardómstól sé skriflegur og áfrýjanda gefist ekki kostur á að flytja mál sitt munnlega fyrir réttinum. Með hliðsjón af þessu má velta fyrir sér hvort staðfesting Hæstaréttar á héraðsdómi í skriflega fluttu kærumáli þar sem engum sjálfstæðum rökstuðningi réttarins er til að dreifa og eingöngu er vísað til forsendna undirréttar sé samrýmanleg reglunni um réttláta málsmeðferð.

Raunar virðist ekkert samræmi vera í dómum Hæstaréttar að því er varðar viðbótar rökstuðning þegar héraðsdómur er staðfestur með vísan til forsendna hans. Stundum má í slíkum dómum finna sjálfstæð rök Hæstaréttar til áréttingar forsendum héraðsdóms og stundum ekki. Virðist það vera tilviljunarkennt hvenær dómarrar í máli kjósa að bæta eigin rökstuðningi við forsendur héraðsdóms sem þeir skírskota annars til og hvenær ekki.

## Ásýnd dómstóla og réttaröryggi

Almennt er viðurkennt að hlutlæg ásýnd dómstóla skuli vera með þeim hætti að ekki sé ástæða til að draga hlutleysi þeirra í efa. Af sama meði er sú krafa að dómsúrlausn hafi þá ásýnd að vera vel ígrunduð og fylgi reglum í lögum og aðferðafræði lögfræðinnar um notkun réttarheimilda. Án sjálfstæðs rökstuðnings Hæstaréttar fyrir dómsniðurstöðu sinni skortir úrlausnina hins vegar þá ásýnd. Réttaröryggissjónarmið krefjast þess að allir dómur Hæstaréttar beri skýrlega með sér að hafa verið uppkveðnir að vandlega yfirlögðu ráði. Vel rökstuddir dómur Hæstaréttar leysa þrætumál á þann hátt að málsaðilar fái skilið dómsniðurstöðuna og þeir einir eru til þess fallnir að hafa fullnægjandi fordæmisgildi.

## Skatta- og lögfræðisvið



Milliverðlagning



Félagaréttur



Alþjóðlegur skattaréttur



Skattaráðgjöf



Áreiðanleikakannanir



Mannauður í alþjóðlegu umhverfi



Virðisaukaskattur

**pwc**

[www.pwc.is](http://www.pwc.is)

*Gledileg jól, gott og farsælt komandi ár*



**CATO**  
LÖGMENN

LANDSLÖG

**FORTIS**  
Lögmannsstofa

**K·R·S·T**  
LÖGMENN



**LMB**  
LÖGMENN BÁRUGÖTU

**KPMG**



LÖGMENN | LÆKJARGÖTU

**LIT ehf.**  
Ingi Tryggvason hrl.



**LÖGMANNSHLÍÐ**  
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA  
GIKJARGÖTU 36 • 1050 AUÐREYRI • Sími: 400 1200 • Netfang: LÖGMANNSHLID@TBL.HL  
SIGMUNDUR GUÐMUNDSSON HBL • ÞINGAR ÞORODDASON HBL

**Timberland**

**L** Lögmennt Höfðabakka







# Hugmyndir um millidómstig

I Rök fyrir hugmyndum um stofnun sérstaks millidómstigs eru einkum af tvennum toga. Því er annars vegar ætlað að koma til móts við alþjóðlegar kröfur um milliliðalaus sönnunarfærslu á áfrýjunarstigi í dómsmálum. Þetta á einkum við um sakamál en þó er hugsanlegt að það sama geti einnig átt við um einkamál í undantekningartilvikum. Núgildandi fyrirkomulag, sem felur m.a. í sér möguleika að fella dóma héraðsdóms úr gildi og vísa málum til nýrrar meðferðar (sbr. 3. mgr. 208. gr. sml.), er talið óheppilegt og sömuleiðis heimild Hæstaréttar til að yfirheyra vitni (2. mgr. 205. gr. sml.). Hins vegar eru rökkin þau að létta álagi af Hæstarétti og gera honum kleift að rækja hlutverk sitt betur sem fordæmisgefandi dómstóll.

Rétt er að geta þess að ekki er nauðsynlegt að haga sönnunarfærslu með sama hætti á áfrýjunarstigi og á fyrsta dómstigi. Ástæðan er m.a. sú að unnt er að taka upp reglur sem gera ráð fyrir því að skýrslur vitna verði teknar upp í hljóð og mynd á fyrsta dómstigi líkt og tíðkast hefur í Svíþjóð í mörg ár. Því ætti ekki að þurfa að endurtaka þá skýrslutöku fyrir áfrýjunardómstól nema þegar sérstaklega stendur á. Slíkt ætti einkum við ef eitthvað nýtt hefur komið fram í málinu eftir að dómur á fyrsta dómstigi hefur gengið eða aðilar færa fram önnur sérstök rök fyrir endurtekningunni.

Rétt er að hafa hugfast að íslenskt tveggja dómstiga kerfi er einfalt í sniðum, flækjustig eru í lágmarki og kerfið í sjálfu sér mjög virkt. Ástæðan

fyrir því að þriggja þrepa dómskerfi hefur ekki enn verið tekið í lög hér á landi, gagnstætt því sem á við um hin Norðurlöndin, er að líkindum smæð íslensks samfélags í þeim samanburði og kostnaður því samfara. Á íslenska kerfinu má finna galla sem yrðu örugglega færri við upptöku millidómstigs. Á hinn bóginn yrði millidómstig sem ætlað er að sinna því hlutverki að dæma flestöll mál á áfrýjunarstigi heldur ekki gallalaust. Það yrði að öllum líkindum afar dýrt í rekstri (miðað hefur verið við 12-15 nýja dómendur) og hefur að auki í för með sér ótal flækjur sem leiða til nýrra verkefna, sem ekki er fyrir hendi í núgildandi kerfi. Á það einkum við um meðferð áfrýjunarleyfa en þörfin á þeim myndi aukast verulega ef slíkt millidómstig yrði tekið í lög.

## II

Sú hugmynd sem sett er fram hér að neðan felur í sér að setja á stofn millidómstig sem tekur mið af því að það dæmi í málum þar sem þörf er á endurteknum vitnaskýrslum á áfrýjunarstigi og jafnframt að minnka álag á Hæstarétti að einhverju marki. Er þetta í samræmi við þau rök sem liggja millidómstigi til grundvallar.

Með hugmyndinni má ætla að kostnaður við stofnun og rekstur millidómstigs verði í algeru lágmarki. Lykilatriðið við þessar hugmyndir er að hið nýja millidómstig dæmdi að meginstefnu til aðeins í málum sem nú sæta kæru til Hæstaréttar auk sakamála þar sem endurtekin yfirheyrsla reynist nauðsynleg. Hafa ber í huga að sá möguleiki er ávallt

fyrir hendi að fela dómstólnum ný verkefni síðar í ljósi þeirra reynslu sem aflað verður.

Hugmyndir þessar taka mið af þeim staðreyndum að árið 2010 voru kærur til Hæstaréttar í einkamálum og sakamálum samtals 422 en áfrýjanir 362. Samsvarandi tölur fyrir árið 2011 er 378 kærur og 326 áfrýjanir, fyrir árið 2012 voru 424 kærur og 346 áfrýjanir, fyrir árið 2013 voru 437 kærur og 389 áfrýjanir og árið 2014 voru 482 kærur og 380 áfrýjanir. Samsvarandi tölur fyrir mestan hluta ársins 2015 sýna að fjöldi kæra og áfrýjana hefur jafnast.

Í hugmyndunum er gert ráð fyrir að kærur í tengslum við fullnustugerðir og búskipti gangi til Hæstaréttar eins og verið hefur en það samsvarar rúmlega 50 kærur á ári sé tekið mið af framangreindum tölfræðilegum upplýsingum. Ástæðan er sú að þessi mál líkjast að mörgu leyti venjulegum dómsmálum sem sæta áfrýjun. Eftir standa þá kærur samkvæmt einkamálalögum og sakamálalögum.

## III

Samkvæmt því sem nú hefur verið sagt gæti dómstóll sem gætti hlutverks millidómstigs falið í sér:

1. Dómstóll sem hefði aðeins á að skipa fimm dómendum og þar sem að öðru leyti yrði gert ráð fyrir að þrjú dómendur sitji í hverju máli. Huga yrði að ákvæðum um sérfróða meðdómsmenn sem tækju sæti ef sérþekkingar teldist þörf. Það yrði þó væntanlega sjaldgæft vegna eðlis þeirra mála sem gert er ráð fyrir að gangi til millidómstigsins.

2. Dómstóllinn fengi til meðferðar öll kærsmål samkvæmt einkamála- lögum og sakamála lögum. Mál þessi eru að jafnaði skriflega flutt og eru í eðli sínu fremur einföld þótt undan- tekningar geti verið frá því.

3. Ennfremur fengi dómstóllinn til meðferðar sakamál sem áfrýjað hefur verið til Hæstaréttar ef beiðni kemur fram frá málsaðilum um nauðsyn nýrra vitnaskýrslna að því tilskildu að Hæstiréttur féllist á þá nauðsyn. Þessum málum myndi Hæstiréttur vísa

til meðferðar til hins nýja dómstóls ef hann féllist á beiðnina. Málið myndi síðan halda áfram fyrir þeim dómstól að öllu leyti í því formi sem það var.

4. Loks fengi dómstóllinn í undan- tekningartilvikum einkamál til með- ferðar sem aðilar hafa áfrýjað til Hæstaréttar ef beiðni kemur fram frá málsaðilum um nauðsyn nýrra vitnaskýrslna og að því tilskildu að Hæstiréttur féllist á þá nauðsyn. Þessum málum myndi Hæstiréttur einnig vísa til meðferðar til hins nýja

dómstóls ef hann féllist á beiðnina. Málið myndi síðan halda áfram fyrir þeim dómstól að öllu leyti í því formi sem það var.

5. Gera yrði ráð fyrir málskoti frá hinum nýja dómstól til Hæstaréttar samkvæmt leyfi þess síðarnefnda.

Stofnun sérstaks millidómstig er orðið brýnt verkefni. Íslenskt þjóðfélag þarf hins vegar að sníða sér stakk eftir vexti. Hugmyndir þessar eru settar hér fram til að koma til móts við þau sjónarmið.

## Laganefnd LMFÍ

# Umsögn um frumvarp til laga um fullnustu refsinga

Í NÓVEMBER SL. sendi laganefnd LMFÍ Alþingi umsögn vegna frum- varps til laga um fullnustu refsinga, 332. mál, þskj. 399. Þá mætti fulltrúi laganefndar á fund allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis þar spurningum nefndarmanna um um- sögnina var svarað.

Laganefnd telur að lagafrumvarpið gangi hugsanlega of nærri réttindum fanga og gerði því nokkrar athuga- semdir við það. Laganefnd gerði athugasemdir við að samkvæmt frumvarpinu sé heimilt að vista gæsluvarðhaldsfanga meðal afplán- unarfanga, enda sé grundvallar- munur á réttarstöðu þeirra sem sæta gæsluvarðhaldi annars vegar og afplánunarfanga hins vegar. Einnig taldi laganefndin rétt að kveða skýrar á um að óheimilt væri að vista börn í fangelsum og að lágmark væri um slíka ákvörðun að fá staðfestingu dómara og að barnið ætti rétt á lögmannsaðstoð.

Laganefnd benti á að rétt væri að láta dómstólum, fremur en fangelsis- málayfirvöldum, eftir ákvörðunarvald um hverjir fái að afplána refsingu sína í formi samfélagsþjónustu. Þá taldi nefndin að vinir fanga ættu að hafa sama rétt til heimsóknna og ættingjar og að friðhelgi einkalífs heimsóknargesta væri tryggð. Þá vildi nefndin ekki afnema rétt fanga til að vera viðstaddur leit í klefa sínum og taldi að notkun öryggisklefa samrýmdist vart nútímavíðhorfum til fullnustu refsinga.

Laganefndin áréttaði þau sjónar- mið sín að hugleiða bæri að taka upp ákvæði í lög um fullnustu refsinga sem mælti fyrir um opinbera réttaraðstoð við fanga. Ákærðir menn og þeir sem sæti gæsluvarðhaldi nýtu aðstoðar skipaðs verjanda en dæmdir menn ættu ekki rétt á lögfræðilegri aðstoð með sama hætti og á lögmönnum hvíldi engin skylda til að taka að sér hagsmunagæslu fyrir fanga.



Reynslan hefði leitt í ljós að þörf fyrir lögfræðiaðstoð væri oft og tíðum jafn rík eftir að dómur hefði fallið.

**NÝ MÁLFLUTNINGS-  
RÉTTINDI FYRIR  
HÆSTARÉTTI****Jóna Björk Helgadóttir hrl.**

Landslög slf.  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 520-2900

**Páll Rúnar M.  
Kristjánsson hrl.**

Málflutningsstofa  
Reykjavíkurborg  
Kringlunni 7  
103 Reykjavík  
Sími: 571-5400

**Borgar Þór Einarsson hrl.**

CATO lögmennt  
Höfðatorgi  
105 Reykjavík  
Sími: 595-4545

**NÝ MÁLFLUTNINGS-  
RÉTTINDI FYRIR  
HÉRAÐSDÓMI****Árni Gestsson hdl.**

Mörkin lögmannsstofa  
Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík  
Sími: 414-4100

**Ari Edwald, hdl.**

Mjólkursamsalan  
Birtuhálsi 1  
110 Reykjavík  
Sími: 450-1102

**Anna Þóra****Jóhannsdóttir hdl.**

Miklaborg fasteignasala  
Lágmúla 4  
108 Reykjavík  
Sími: 569-7017

**ENDURÚTGEFIN  
LÖGMANNSRÉTTINDI****Árni Sigurgeirsson hdl.**

Mynta ehf.  
Ármúli 7  
108 Reykjavík  
Sími: 569-2000

**Erna Á. Mathiesen hdl.**

Félag íslenskra  
atvinnuflugmanna  
Hlíðasmára 8  
201 Kópavogur  
Sími: 599-1199

**Harpa Rún Glad hdl.**

Miklaborg fasteignasala  
Lágmúla 4  
108 Reykjavík  
Sími: 569-7000

**Hafdís Perla  
Hafsteinsdóttir hdl.**

Isavia ohf.  
Reykjavíkurborg  
101 Reykjavík  
Sími: 424-4519

**Brynja Björg  
Halldórsdóttir hdl.**

Eignamiðlun  
Grensásvegi 11  
108 Reykjavík  
Sími: 588-9090

**Guðrún  
Hólmsteinsdóttir hdl.**

Íslandsbanki  
Suðurlandsbraut 14  
155 Reykjavík  
Sími: 440-3950

**NYR VINNUSTAÐUR****Auðun Helgason hdl.**

Lögmannsstofa Auðuns  
Helgasonar  
Litlubrú 1  
780 Höfn í Hornafirði  
Sími: 659-0446

**Guðríður Lára  
Prastardóttir hdl.**

Rauði krossinn  
Efstaleiti 19  
103 Reykjavík  
Sími: 570-4068

**Helgi Már Jósefsson hdl.**

LS retail ehf.  
Höfðatúni 2  
105 Reykjavík  
Sími: 414-5873

**Inga Lillý  
Brynjólfsson hdl.**

Digna lögmannsstofa  
Borgartúni 20, 2. hæð  
105 Reykjavík  
Sími: 519-8400

**Erlendur Kristjánsson hdl.**

Heimavellir leigufélag  
Laugavegi 7  
101 Reykjavík  
Sími: 517-3440

**Ólafur Freyr  
Frímansson hdl.**

Lagahvoll  
Bankastræti 5  
101 Reykjavík  
Sími: 519-7660

**Laufey Sigurðardóttir hdl.**

KPMG  
Borgartúni 27  
105 Reykjavík  
Sími: 545-6000

**Hörður Guðmundsson hdl.**

KPMG  
Borgartúni 27  
105 Reykjavík  
Sími: 545-6000

**Þóroldur Heiðar  
Þorsteinsson hdl.**

Bankasýsla ríkisins  
Borgartúni 3  
105 Reykjavík  
Sími: 550-1700

**Þjarni Hauksson hrl.**

Atlas lögmennt  
Hús verslunarinnar,  
Kringlunni 7  
103 Reykjavík  
Sími: 517-7171

**NYTT AÐSETUR****Hallmundur  
Albertsson hdl.**

Lögmennt Bárugötu  
Bárugötu 4  
101 Reykjavík  
Sími: 578-0080

**Sigurður R. Arnalds hrl.**

Lágmúla 7  
108 Reykjavík  
Sími: 516-4000

**Fróði Steingrímsson hdl.**

Grandagarði 8  
101 Reykjavík  
Sími: 899-8855

**Valborg Þ. Snævarr hrl.**

Austurströnd 1  
170 Seltjarnarnes  
Sími: 561-3360

**Unnsteinn Örn  
Elvarsson hdl.**

De Facto ehf.  
Skútuvogi 10F  
104 Reykjavík  
Sími: 511-3344

**Jóhanna  
Sigurjónsdóttir hdl.**

Lögmannsstofa Jóhönnu  
Sigurjónsdóttur  
Skútuvogi 10F  
104 Reykjavík  
Sími: 511-3344

**Lilja Margrét Olsen hdl.**

KATLA lögmennt  
Borgartúni 24, 3. hæð  
105 Reykjavík  
Sími: 555-3600

**Tómas Jónasson hdl.**

Lögform  
Laugavegi 77, 3. hæð  
101 Reykjavík  
Sími: 434-7900

**Börkur I. Jónsson hdl.**

BIJ legal ehf.  
Hamraborg 12  
200 Kópavogur  
Sími: 519-6870

**Sigurður I.  
Halldórsson, hdl.**

Lögmannsstofa Sigurðar I.  
Halldórssonar  
Síðumúla 13, 3. hæð  
108 Reykjavík  
Sími: 464-0496

**Eva Dóra  
Kolbrúnardóttir, hdl.**

Eva lögmennt ehf.  
Ægisgötu 26  
101 Reykjavík  
Sími: 696-6070

**Gunnar Jóhann  
Gunnarsson hdl.**

Austurkór 57  
203 Kópavogur  
Sími: 454-9643





# VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtubjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA  
SUDURLANDSBRAUT 4A  
108 REYKJAVÍK  
[www.tcm.is](http://www.tcm.is)